

Til bæjarstjórnar

Tillaga Garðabæjarlistans um átak til að fjölga félagslegu leiguhúsnæði í Garðabæ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráðast í átak til að fjölga félagslegum leiguíbúðum með því að auka fjárveitingu til kaupa á íbúðum í 450 milljónir fyrir árið 2022, í 350 milljónir fyrir árið 2023 og 350 milljónir fyrir árið 2024. Einnig samþykkir bæjarstjórn að leita leiða til að fjölga lóðum fyrir óhagnaðardrifin leigufélög í Garðabæ.

Greinargerð

Í ljósi þess að fjölgað hefur á biðlistum eftir félagslegu leiguhúsnæði, fáir fengið úthlutað og lítið verið bætt við af íbúðum í eigu bæjarins er nauðsynlegt að bregðast við. Í úttekt Kjarnans frá 2018 á félagslegu leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu kemur meðal annars fram að í Reykjavík eru tæplega 20 félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa og í Kópavogi eru þær tæplega 13. Í Hafnarfirði eru þær um átta. Einnig kemur fram í úttektinni að þrjú sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taki mun minni þátt í því að sjá þurfandi fólki fyrir félagslegu húsnæði. Í Garðabæ voru tæplega tvær félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa, í Mosfellsbæ voru tæplega þrjár á hverja þúsund íbúa og á Seltjarnarnesi um 3,5 félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa.

Síðan 2018 hefur íbúum Garðabæjar fjölgað og lítið verið bætt við af félagslegu leiguhúsnæði, þannig að út frá núverandi gögnum á Garðabær ca. 1,6 íbúðir á hverja þúsund íbúa árið 2021.